

# SAMNINGUR

milli  
Samtaka atvinnulífsins  
og  
VM félags vélstjóra og málmtæknumanna  
um kaup og kjör  
vélstjóra á kaupskipum

Gildir til 1. febrúar 2028

# RITSTÝRÐUR KJARASAMNINGSTEXTI

sem í heild gildir til 1. febrúar 2028

tekinn saman af

VM – Félagi vélstjóra og málmtæknumanna

Kjarasamningstexti þessi er unnin fyrir VM og byggir á heildartexta kjarasamnings milli Samtaka atvinnulífsins og VM félags vélstjóra og málmtæknumanna um kaup og kjör vélstjóra á kaupskipum. Gildistími frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014.

Með eftirfarandi breytingum:

KJARASAMNINGUR milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna vegna félagsmanna VM á millilandaskipum og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími til 31. desember 2018. Undirritaður 2. febrúar 2016.

KJARASAMNINGUR milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna vegna félagsmanna VM á millilandaskipum og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími til 1. nóvember 2022. Undirritaður 16. október 2019.

KJARASAMNINGUR milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna vegna félagsmanna VM á millilandaskipum og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími til 31. janúar 2023. Undirritaður 25. maí 2023.

KJARASAMNINGUR milli VM, Félags vélstjóra og málmtæknumanna vegna félagsmanna VM á millilandaskipum og Samtaka atvinnulífsins. Gildistími til 1. febrúar 2028. Undirritaður 3. júlí 2024.

Frumeintök ofangreindra samkomulaga halda gildi sínu.

# Efnisyfirlit

<b>1. KAFLI</b>	<b>6</b>
1.1 Samningssvið	6
1.2. Laun	6
1.3. Launabreytingar	6
1.4. Launataxtar nær greiddu kaupi	6
1.5. Persónubundin laun	6
1.6. Ráðningarsamningur	6
1.7. Fastlaunakerfi	6
1.8. Starfsmannasamtöl	7
<b>2. KAFLI Álag og tillegg</b>	<b>7</b>
2.3. Fjarvistir	7
2.4. Vaktfrítt vélarúm	7
2.5. Fækkun vegna sjálfvirkni	8
2.9. Orlofsuppbót	8
2.10. Desemberuppbót	8
2.11. Fæðispeningar	8
<b>4. KAFLI Ráðning, uppsögn og starfslok</b>	<b>8</b>
4.1. Ráðning í stöðu	8
4.2. Uppsögn	8
4.3. Starfslok	9
<b>5. KAFLI Réttindi, vinnuskylda</b>	<b>9</b>
5.1. Réttindi	9
5.2. Vinnuskylda	9
5.3. Vinnuskylda vélavarða	9
<b>6. KAFLI Mönnun skipa</b>	<b>9</b>
6.1. Fjöldi vélstjóra og vélavarða	9
<b>9. KAFLI Fæði og fæðispeningar</b>	<b>9</b>
9.1. Fæði um borð	9
9.2. Fæðiskostnaður	9
<b>10. KAFLI Sjónökur og sjónökuslit</b>	<b>10</b>
10.1. Sjónökuslit og settar sjónökur	10
10.2. Almenn ákvæði	10
<b>11. KAFLI Hafnarvaktir og bakvaktir</b>	<b>10</b>
11.4. Bakvaktir	10
11.5. Bakvakt aflýst	10
<b>12. KAFLI Orlof</b>	<b>10</b>
12.1. Orlofsréttur	10
12.2. Veikindi í orlofi	10
<b>13. KAFLI Fyrirtækjapáttur kjarasamnings</b>	<b>11</b>
13.1. Markmið	11
13.2. Viðræðuheimild	11
13.3. Fulltrúar vélstjóra - forsvar í viðræðum	11
13.4. Upplýsingamiðlun	11

13.5.	Heimil frávik.....	11
13.6.	Endurgjald starfsmanna.....	11
13.7.	Gildistaka, gildissvið og gildistími .....	12
13.8.	Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör.....	12
13.9.	Meðferð ágreinings .....	12
<b>14.</b>	<b>KAFLI Veikindi og slysabætur.....</b>	<b>12</b>
14.1.	Fastráðinn yfirvélstjóri, vélstjóri og vélavörður .....	12
14.2.	Ákvæði skv. sjómannalögum.....	12
<b>15.</b>	<b>KAFLI Tryggingar og eignamissir .....</b>	<b>13</b>
15.1.	Slysatryggingar .....	13
15.2.	Líftrygging.....	13
15.3.	Eignamissir .....	13
<b>16.</b>	<b>KAFLI Lífeyrissjóður .....</b>	<b>13</b>
16.1.	Aðild og réttindi.....	13
16.2.	Iðgjöld .....	14
<b>17.</b>	<b>KAFLI Ferðalög, dagpeningar .....</b>	<b>14</b>
17.1.	Ferðalög.....	14
17.2.	Dagpeningar.....	14
<b>18.</b>	<b>KAFLI Einkennisfatnaður .....</b>	<b>14</b>
18.1.	Fastráðinn .....	14
18.2.	Lausráðinn .....	14
<b>19.</b>	<b>KAFLI Risna og tollvöruúttekt .....</b>	<b>15</b>
19.1.	Risna.....	15
19.2.	Tollvöruúttekt.....	15
<b>20.</b>	<b>KAFLI Aðbúnaður og hollustuhættir .....</b>	<b>15</b>
20.1.	Íbúðir .....	15
20.2.	Matsalir.....	15
20.3.	Rúmfatnaður .....	15
20.4.	Forvarnarstarf .....	15
<b>21.</b>	<b>KAFLI Styrktar og sjúkrasjóður, orlofsheimilasjóður og endurhæfingasjóður .....</b>	<b>15</b>
21.1.	Greiðslur í sjóði .....	15
<b>23.</b>	<b>KAFLI Félagsgjöld .....</b>	<b>16</b>
23.1.	Uppgjör.....	16
<b>24.</b>	<b>KAFLI Verkföll og verkbönn .....</b>	<b>16</b>
24.1.	Skyldur .....	16
<b>25.</b>	<b>KAFLI Uppsagnarheimildir.....</b>	<b>16</b>
25.1.	Ófriður.....	16
<b>26.</b>	<b>KAFLI Gildistími og samningsforsendur .....</b>	<b>16</b>
26.1.	Gildistími.....	16
26.2.	Samningsforsendur.....	16
	<b>Fylgiskjöl og bókanir .....</b>	<b>17</b>
	<b>Fylgiskjöl með kjarasamningi undirrituðum 3. júlí 2024 .....</b>	<b>17</b>
	Samkomulag milli Samskipa p/f og VM vegna félagsmanna VM sem starfa á millilandaskipum félagsins .....	17
	Fylgiskjal með samkomulagi VM og Samskip p/f dags 3. júlí 2024.....	17
	Yfirlýsing Samskipa p/f vegna greiðslna í fæðingarorlofi.....	17
	<b>Fylgiskjöl með kjarasamningi undirrituðum 25. maí 2023.....</b>	<b>18</b>

Samkomulag VM og p/f Samskip um hækkun Færeyjatilleggs.....	18
Yfirlýsing p/f Samskip um verklag vegna viðbótartúra.....	18
<b>Fylgiskjal um fastlaunakerfi. ....</b>	<b>18</b>
<b>Yfirlýsing um lífeyrismál.....</b>	<b>18</b>
<b>Bókun með kjarasamningi undirrituðum 2. febrúar 2016.....</b>	<b>18</b>
Bókun um framlag í lífeyrissjóð.....	18
<b>Bókanir með kjarasamningi undirrituðum 22. nóvember 2000 .....</b>	<b>19</b>
Bókun 1 um upptöku og framkvæmd fastlaunakerfa.....	19
Bókun 2 um veikindalaunarétt.....	19
Bókun 3 um skil vinnuárs .....	19
Bókun 4 um fræðslumál .....	19
<b>Bókanir og fylgiskjöl með eldri kjarasamningum .....</b>	<b>19</b>
Fylgiskjal 1 - Sjómannaölög nr. 35/1985 36. gr. ....	19
Fylgiskjal 2 - Siglingalög nr. 34/1985.....	19
Fylgiskjal 3 - Rúmfatnaður er eign útgerðar .....	20
Bókun um að launakjör hlíti íslenskum rétti (1995).....	20
Bókun um kaup og kjör yfirvélstjóra (1992).....	20
Bókun um vinnu vélstjóra í heimahöfn (1992).....	20
Bókun um kostnaðaráætlanir (1992).....	20
Bókun um forsendur skráningar skipa undir íslenskan fána (1992).....	21
Bókun um námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna (1984) .....	21
Bókun um þjálfun á ný tæki (1984).....	21
Yfirlýsing um aðlögun að starfslokum vegna aldurs.....	21
Yfirlýsingar um ferðir maka ofl. (1984) .....	21

# 1. KAFLI

## 1.1 Samningssvið

1.1.1. Kjarasamningur þessi milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Félags vélstjóra og málmæknimanna hins vegar kveður á um laun og önnur starfskjör yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða á kaupskipum.

## 1.2. Laun

Mánaðarlaun fastlaunasamnings yfirvélstjóra fara skv. eftirfarandi flokkun:

A flokkur: Yfirvélstjóri er undanþeginn kallvakt og bakvakt I utan heimhafnar og bakvakt II í heimahöfn.

B flokkur: Yfirvélstjóri tekur kallvakt og bakvakt I utan heimahafnar og bakvakt II í heimahöfn á móti 1. vélstjóra.

Mánaðarlaun fastlaunasamninga yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða miðast við óskilgreindan vinnutíma á sigldan mánuð. Gert er ráð fyrir sama vinnufyrirkomulagi og verið hefur.

## 1.3. Launabreytingar

1.3.1. Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum. Með mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu.

1. febrúar 2024 3,25% eða 23.750 kr.

1. janúar 2025 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2026 3,50% eða 23.750 kr.

1. janúar 2027 3,50% eða 23.750 kr.

Ef greitt er dagkaup skal við útreikning launahækkunar taka tillit til þess hversu stór hluti dagkaups telst vera fyrir vinnu á dagvinnutímabili.

## 1.4. Launataxtar nær greiddu kaupi

1.4.1. Með samningi þessum eru launataxtar færðir nær greiddu kaupi. Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir taxtar á hjálögðu fylgiskjali sem gilda frá 1. júní 2011, frá 1. febrúar 2012 og 1. febrúar 2013.

1.4.2. Í þeim tilvikum að laun einstaklinga eru samsett af launataxta kjarasamnings og ráðningarsamningsbundnum viðbótargreiðslum, hverju nafni sem þær nefnast, skulu viðbótargreiðslurnar lækka um sömu fjárhæð og taxtahækkuninni nemur. Launabreytingar skulu þó í engum tilvikum leiða til minni hækkunar heildarlauna en sem nemur launabreytingum skv. gr. 1.3. Sjá nánar meðfylgjandi bókun um taxtabreytingarnar.

## 1.5. Persónubundin laun

1.5.1. Þegar samið er um persónubundin laun verði tekið tillit til starfssviðs, árangurs, hæfni, starfsskipulags, vinnuálags og ábyrgðar í starfi og annarra sérgreindra þátta.

1.5.2. Vélstjóri á rétt á viðtali við útgerðarmann/yfirmann sinn einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Leitast skal við að niðurstaða viðtalsins liggja fyrir innan mánaðar.

1.5.3. Við flutning úr einni stöðu í aðra, á milli skipa eða verulegra breytinga á vinnuumhverfi skulu persónubundin laun endurskoðuð m.a. með tilliti til breytinga á starfssviði, vinnuálagi og ábyrgð.

1.5.4. Persónubundni samningurinn er uppeggjanlegur með 3 mánaða fyrirvara af beggja hálfu.

## 1.6. Ráðningarsamningur

1.6.1. Yfirvélstjórar, vélstjórar og vélaverðir eru ráðnir til útgerðar nema annað sé tekið fram.

1.6.2. Með vísun til 6. gr. sjómannalaga 35/1985 skal útgerð gera skriflega persónubundinn samning í tvíriti við yfirvélstjóra, vélstjóra eða vélavörð og heldur hvor aðili sínu eintaki.

1.6.3. Persónubundni samningurinn er uppeggjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Heimilt er án uppsagnar að breyta efnisatriðum samningsins sé um það samkomulag milli viðkomandi yfirvélstjóra, vélstjóra eða vélavarðar og útgerðar.

## 1.7. Fastlaunakerfi

Fastlaunakerfi eru persónubundin heildarlaun fyrir óskilgreindan vinnutíma á sigldan mánuð. Í mánaðarlaunum fyrir sigldan mánuð eru innifaldar greiðslur samkvæmt eldri kjarasamningi sem tilgreindar eru í hjálögðu fylgiskjali.

1.7.1. **Árslaun**

Árslaun eru reiknuð á eftirfarandi hátt. Mánaðarlaun fyrir sigldan mánuð eru margfölduð með vinnumánuðum viðkomandi manns á ári, að teknu tilliti til orlofsdaga sbr. neðangreint. Til jöfnunar launagreiðslna yfir árið er deilt með 12 til ákvörðunar á greiddum launum á mánuði.

#### 1.7.2. **Daglaun**

Þegar reikna skal hluta úr mánuði skal nota deilitöluna 30 og margfalda með almanaxsdögum.

#### 1.7.3. **Vinnuár**

Við útreikning á árslaunum skal margfalda laun fyrir sigldan mánuð (30 daga á sjó) með 7,5 (225 dagar) miðað við 24 orlofsdaga, 7,4 (222 dagar) miðað við 27 orlofsdaga og 7,3 (219 dagar) miðað við 30 orlofsdaga.

Virkir dagar	260	260	260
Orlof	-24	-27	-30
Tyllidagar	-11	-11	-11
Vinnuár/lögskrd.	225	222	219
Vinnumánuðir	7,50	7,40	7,30

#### 1.7.4. **Skil vinnuárs**

Skil vinnuárs einskorðast ekki við störf á sjó heldur geta vélstjórar skilað allt að 14 dögum af vinnuári sínu í landi hjá útgerð eftir nánara samkomulagi miðað við aðstæður og þarfir hverju sinni.

#### 1.7.5. **Vinnuskil og uppgjör**

Vinnuskil skv. gr. 1.7.3. og 1.7.4. skulu gerð upp árlega. Umframdagur eða dagar sem upp á vantar gerast upp um áramót nema samkomulag verði um að flytja þá á milli ára. Þar sem frítaka í upphafi og lok árs hefur áhrif á áramótastöðu er heimilt til jöfnunar að flytja allt að 14 dögum á milli ára.

Verði misbrestur á því að vélstjóra gefist kostur á að inna af hendi umsamda vinnuskyldu sína samkvæmt ráðningarsamningi vegna ákvörðunar útgerðar eða orsaka sem aðilar ráða ekki við (force major), s.s. tafa vegna bilana og veðurs skulu vélstjóra engu að síður tryggð árslaun miðað við umsamda vinnuskyldu.

## 1.8. Starfsmannasamtöl

- 1.8.1. Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu útgerðarmaður og yfirvélstjóri fjalla um frammistöðu viðkomandi á liðnu ári og setja markmið fyrir næsta ár. Í framhaldi af því ræðir útgerðarmaður/yfirmaður við hvern og einn um frammistöðu hans á liðnu ári og markmiðssetningu fyrir næsta ár. Í starfsmannasamtölum á ekki að fjalla um laun.

## 2. KAFLI Álag og tillegg

### 2.3. Fjarvistir

- 2.3.1. Ef skipverji hefur ekki komið í innlenda höfn í 60 daga eða lengur greiðast 5% á laun til viðbótar frá þeim degi, er fullir tveir almanaxsmánuðir eru liðnir frá brottför úr innlendri höfn, og gildir sú hækkun þar til hann afskráist í frí eða kemur næst til innlestrar hafnar.
- 2.3.2. Óski skipverji, sem öðlast hefur rétt til fjarvistaruppbótar, ekki eftir að taka frí hefur útgerðin rétt til að senda hann heim í frí, nema viðkomandi óski eftir að vera áfram á 5% fjarvistaruppbót.
- 2.3.3. Ef skipverji hefur verið um borð í 90 daga samfelld, á hann rétt til heimsendingar í frí, óski hann þess, enda séu 35 dagar liðnir frá því hann fór úr síðustu innlendu höfn.
- 2.3.4. Heimilt er að draga heimsendingu í 20 daga vegna skiptingar áhafnar í frí, komu skipsins til innlestrar hafnar eða vals á höfn til heimsendingar.
- 2.3.5. Skipverja ber að tilkynna skipstjóra eða útgerð um vilja sinn til heimsendingar með minnst 20 daga fyrirvara.
- 2.3.6. Frí mannsins hefst þegar hann kemur til heimahafnar og greiðir útgerðin fargjöldin.

### 2.4. Vaktfrítt vélarúm

- 2.4.1. Á skipum búnum vaktfríum vélarúmum, samþykktum af flokkunarfélögum sem Siglingamálastofnun ríkisins viðurkennir og sem hefur verið haldið við skv. kröfu viðkomandi flokkunarfélags, má skipafélag í samráði við yfirvélstjóra skipa vöktum á siglingu þannig, að vélstjórar gegni samtímis dagvakt frá kl. 08:00 – kl. 17:00.
- 2.4.2. Á kallvakt (kl. 17:00 – kl. 08:00 og kl. 12:00 – kl. 13:00) skal vakthafandi vélstjóri vera reiðubúinn til að sinna útkalli frá sjálfvirku viðvörðunarkerfi.
- 2.4.3. Vakthafandi vélstjóra á kallvakt ber, í lok dagvinnutímabils, að ganga þannig frá búnaði vélarúms, að lágmarks möguleikar verði á að til útkalls komi á eftirfarandi kallvakt.

## 2.5. Fækkun vegna sjálfvirkni

- 2.5.1. Þar sem vélstjórum hefur fækkað á grundvelli sjálfvirkis viðvörunarkerfis skal fullt tillit tekið til þess að færri vélstjórar eru um borð, varðandi viðgerðarvinnu milli vélstjóra og verkstæða í landi.
- 2.5.4. Með tilliti til fækkunar á skipum sem búin eru sjálfvirku viðvörunarkerfi munu aðilar sameiginlega leitast við að setja upp starfslýsingar um borð í slíkum skipum.
- 2.5.5. Vegna sérstakra verkefna getur yfirvélstjóri í samráði við viðkomandi útgerð, tímabundið fengið fleiri vélstjóra um borð til að sinna slíkum verkefnum.

## 2.9. Orlofsuppbót

- 2.9.1. Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2024 verður orlofsuppbót kr. 58.000.  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2025 verður orlofsuppbót kr. 60.000.  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2026 verður orlofsuppbót kr. 62.000.  
Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2027 verður orlofsuppbót kr. 64.000.  
Framangreindar fjárhæðir miðast við fullt starf, en hlutfallslega skal greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma.  
Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum. Lágmarksstarfstími til að öðlast rétt til orlofsuppbótar er 12 vikur.
- 2.9.2. Láti yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður af störfum á orlofsárinu vegna aldurs skal hann fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma. Sama gildir þótt viðkomandi sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum.
- 2.9.3. Á orlofsuppbót greiðist ekki orlof.

## 2.10. Desemberuppbót

- 2.10.1. Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:  
Á árinu 2024 106.000 kr.  
Á árinu 2025 110.000 kr.  
Á árinu 2026 114.000 kr.  
Á árinu 2027 118.000 kr.  
Þeir, sem eru í hlutastarfi eða hafa unnið hluta af árinu, en eru við störf í desember, fá hlutfallslega greiðslu. Desemberuppbót er föst krónutala, sem greiðist sjálfstætt og án tengsla við laun.
- 2.10.2. Yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf á árinu hjá sömu útgerð, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót miðað við starfstíma og starfshlutfall á árinu. Sama gildir þótt viðkomandi sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur.

## 2.11. Fæðispeningar

- 2.11.1. Fæðispeningar skulu vera kr. 548 pr. skráningardag og hækki eða lækki í samræmi við hráefniskostnað útgerðar.

## 4. KAFLI

### Ráðning, uppsögn og starfslok

#### 4.1. Ráðning í stöðu

- 4.1.1. Þegar yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður hefur starfað samfelld í níu mánuði hjá útgerðinni skoðast hann fastur starfsmaður hennar.  
Með orðinu „samfelld“ er ekki einungis átt við algerlega óslitinn starfa sem yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður, heldur einnig greiðsluskyld veikinda- eða slysaforföll á tímabilinu og eðlileg frí.

#### 4.2. Uppsögn

- 4.2.1. Uppsagnarfrestur yfirvélstjóra/vélstjóra/vélavörða fer eftir ákvæðum Sjómannalaga, sbr. 9. gr.

---

## 4.3. Starfslok

- 4.3.1. Sé starfsmanni sagt upp, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá sama fyrirtæki, er uppsagnarfrestur 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára, 5 mánuðir ef hann er orðinn 60 ára og 6 mánuðir þegar hann er orðinn 63 ára. Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

## 5. KAFLI Réttindi, vinnuskylda

---

### 5.1. Réttindi

- 5.1.1. Félagar í VM ganga fyrir öðrum um vinnu á skipum útgerðarinnar og gagnkvæmt.  
5.1.2. Með hugtakinu vélstjóri er átt við 1., 2. og 3. vélstjóra.  
5.1.3. Enginn vélstjóri, vélavörður eða annar starfsmaður í vélarrúmi skal skráður í skipsrúm eða úr því án tilhlutunar yfirvélstjóra.

---

### 5.2. Vinnuskylda

- 5.2.1. Vinnuskylda yfirvélstjóra/vélstjóra og vélavarða er einkanlega eins og skilgreint er í III. kafla sjómanna laga og í skriflegum ráðningarsamningi við útgerðina.  
5.2.2. Vélstjórar og vélaverðir sem standa vaktir skulu hafa hæfilegan tíma til hvíldar og svefns. Hvíldartími skal vera minnst 10 klst. á hverju 24 klukkustunda tímabili. Hvíldartímanum má skipta í mest tvö tímabil og skal annað vera a.m.k. 6 klst. Ekki er skylt að hlíta framangreindum kröfum um hvíldartíma í neyðartilfellum eða þegar æfingar standa yfir eða í öðrum undantekningartilvikum. Þrátt fyrir framangreind ákvæði er heimilt að stytta 10 klst. lágmarkstímabilið niður í a.m.k. 6 klst. samfleytt, svo fremi sem slík stytting nái ekki til fleiri en tveggja daga og menn fái a.m.k. 70 klst. hvíldartíma á hverju sjö daga tímabili.

---

### 5.3. Vinnuskylda vélavarða

- 5.3.1. Vélavörður vinni öll þau störf sem yfirvélstjóri felur honum. Vinnusvæði vélavarða er ekki einskorðað við vélarrúm.

## 6. KAFLI Mönnun skipa

---

### 6.1. Fjöldi vélstjóra og vélavarða

- 6.1.1. Um lágmarksfjölda vélstjóra og vélavarða fer skv. lögum nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.

## 9. KAFLI Fæði og fæðispeningar

---

### 9.1. Fæði um borð

- 9.1.1. Fæði skal vera hollt og gott og hreinlega framreitt.  
9.1.2. Á komu- og brottfarardögum skal máltíðum hagað þannig að komi skip í heimahöfn á tímabilinu kl. 06:00 til kl. 12:00 skal ávallt framreiddur hádegismatur. Láti skip úr höfn eftir kl. 12:00 skal framreiddur kvöldverður enda þótt brottför dragist fram yfir venjulegan kvöldverðartíma.  
9.1.3. Séu yfirvélstjórar/vélstjórar/vélaverðir skyldaðir til að vera um borð að næturlagi í heimahöfn, skal setja í kæliskáp brauð, álegg, egg og mjólk. Einnig skal vera aðstaða til að laga kaffi og te.

---

### 9.2. Fæðiskostnaður

- 9.2.1. Fæðiskostnaður sem vélstjórar greiða fyrir fullt fæði um borð skal vera kr. 548 pr. skráningardag og hækki eða lækki í samræmi við hráefniskostnað útgerðar.

## 10. KAFLI

### Sjónvökur og sjónvokuslit

---

#### 10.1. Sjónvokuslit og settar sjónvökur

---

- 10.1.1. Slíta skal sjónvökum í heimahöfn og setja hafnarvaktir þegar skip er bundið við bryggju.
  - 10.1.2. Þegar skip lætur úr heimahöfn skulu sjónvökur settar, nema um sé að ræða færslu í eða milli heimahafna.
  - 10.1.3. Yfirvélstjóri ákveður í samráði við skipstjóra hvort og hvenær sjónvökum er slitið utan heimahafnar.
- 

#### 10.2. Almenn ákvæði

---

- 10.2.1. Á sjónvökum skulu sunnu-, helgi- og tyllidagar haldnir helgir svo sem venja er og vinnufyrirkomulag vera skv. því. Í höfn skulu sunnu-, helgi- og tyllidagar haldnir helgir að undanskildum stoppitörnum, vinnu við lestun eða losun og viðgerðum, sem ekki geta beðið.
- 

## 11. KAFLI

### Hafnarvaktir og bakvaktir

---

#### 11.4. Bakvaktir

---

- 11.4.1. Bakvaktir eru eingöngu utan dagvinnutímabils (þ.e. kl. 17:00 til kl. 08:00 og kl. 12:00 til kl. 13:00) og um helgar í heimahöfn. Skipta skal bakvöktum sem jafnast á milli manna.  
Bakvaktir eru tvenns konar; bakvakt I og bakvakt II.  
Bakvakt I er bakvakt utan heimahafnar og bakvakt (við síma) í heimahöfn. Hver bakvaktartími jafngildir 1/4 klst. vinnu.  
Bakvakt II er bakvakt um borð í skipi í heimahöfn. Hver bak-vaktartími jafngildir 1/2 klst. vinnu.
- 

#### 11.5. Bakvakt aflýst

---

- 11.5.1. Yfirvélstjóri ákveður í samráði við skipstjóra hvenær bakvaktir eru staðnar, svo sem í flokkunarviðgerð, þurrkví, eða við aðrar þær aðstæður þegar ekki er talin þörf á bakvakt t.d. þegar ekki er unnið við losun eða lestun. Sé bakvakt aflýst skal það tilkynnt eigi síðar en á hádegi sama dag.
- 

## 12. KAFLI

### Orlof

---

#### 12.1. Orlofsréttur

---

- 12.1.1. Sérhverjum yfirvélstjóra, vélstjóra og vélaverði ber orlof og orlofsgreiðslur í orlofi er miðist við samanlagðan þjónustutíma á skipum útgerðarinnar á eftirfarandi hátt:
  - 12.1.2. Eftir eins árs þjónustu hjá útgerðinni 24 virkra daga orlof (mánudaga - föstudaga), sem samsvarar 10,17%.
  - 12.1.3. Eftir 5 ára þjónustu hjá útgerðinni 27 virkra daga orlof (mánudaga - föstudaga), sem samsvarar 11,59%.
  - 12.1.4. Eftir 10 ára þjónustu hjá útgerðinni 30 virkra daga orlof (mánudaga - föstudaga), sem samsvarar 13,04%.
  - 12.1.5. Hafi yfirvélstjóri, vélstjóri og vélavörður verið í þjónustu hjá útgerðinni skemur en eitt ár verður lengd orlofs í hlutfalli við þjónustutíma hans. Orlofsgreiðslur eru 10.17% af öllum launum.
  - 12.1.6. Leyfi þetta veitist að sumri til, að svo miklu leyti sem unnt er, en þó eftir samkomulagi.  
Orlof sem innifalið er í launum pr. vinnudag skv. Grein 1.7.3. telst tekið út á tímabilinu 2. maí til 15. september. Þegar yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður fer í frí á fyrrgreindu tímabili teljast fyrstu almanaksdagar til jafnlengdar orlofsdagarétti til orlofs, sjá þó gr. 12.2.1.
  - 12.1.7. Skipverji sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sömu kaupskipaútgerð öðlast hann að nýju hjá annarri kaupskipaútgerð eftir þriggja ára starf, enda hafi rétturinn verið sannreynður.
- 

#### 12.2. Veikindi í orlofi

---

- 12.2.1. Veikist yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð  
Sama gildir ef yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður veikist í landi innan EES svæðisins, Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada það alvarlega að það leiði til sjúkrahúsvistar (einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaður tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í 3 sólarhringa innanlands eða 6 sólarhringa innan EES svæðisins, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppbótarorlofi jafnlangan tíma og veikindin sannanlega vöruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Fyrirtæki á rétt á að láta lækni vitja starfsmanns er veikst hefur í orlofi. Uppbótarorlof skal eftir því sem kostur er veitt á þeim tíma sem starfsmaður óskar á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

## 13. KAFLI

# Fyrirtækjapáttur kjarasamnings

### 13.1. Markmið

13.1.1. Markmið fyrirtækjapáttar kjarasamnings er að efla samstarf vélstjóra og stjórnenda á vinnustað með það fyrir augum að skapa forsendur fyrir bættum kjörum vélstjóra með aukinni framleiðni.

Markmiðið er að þróa kjarasamninga þannig að þeir nýtist báðum aðilum til aukins ávinnings. Við það skal ávallt miðað að skilgreindur ávinningur skiptist milli starfsmanna og fyrirtækis eftir skýrum forsendum.

### 13.2. Viðræðuheimild

13.2.1. Að jafnaði taki fyrirtækjapáttur til allra starfsmanna sem kjarasamningar hlutaðeigandi félaga taka til. Heimilt er þó að gera sérstaka samninga á einstökum skipum, sé um það samkomulag.

Viðræður um fyrirtækjapátt fara fram undir friðarskyldu almennra kjarasamninga og skulu teknar upp með samkomulagi beggja aðila. Þá komi skriflega fram til hverra samningnum sé ætlað að ná.

Þegar viðræður hafa verið ákveðnar ber að tilkynna það VM og SA. Rétt er báðum aðilum, starfsmönnum og forsvarsmönnum fyrirtækis, að leita ráðgjafar hjá samningsaðilum. Þeir geta í sameiningu ákveðið að kalla hvor sinn fulltrúa til ráðuneytis við samningsgerð. Náist ekki samkomulag um fyrirtækjapátt innan þriggja mánaða getur hvor um sig án samráðs kallað ráðgjafa til þátttöku í viðræðunum.

### 13.3. Fulltrúar vélstjóra - forsvar í viðræðum

13.3.1. Vélstjórar á hverju skipi geta valið fulltrúa úr sínum hóp eða tekið allir þátt í viðræðum við forsvarmenn útgerðar skipsins.

Fulltrúum í samninganefnd skal tryggður eðlilegur tími til að sinna undirbúningi og samningsgerð í vinnutíma. Enn fremur skulu þeir njóta sérstakrar verndar í starfi og óheimilt að láta þá gjalda starfa sinna í samninganefnd.

### 13.4. Upplýsingamiðlun

13.4.1. Áður en gengið er til gerðar fyrirtækjasamnings skulu stjórnendur upplýsa fulltrúa vélstjóra í samninganefnd um afkomu, framtíðarhorfur og starfsmannastefnu fyrirtækisins.

Á gildistíma fyrirtækjasamnings skulu fulltrúar vélstjóra upplýstir um framangreind atriði og áherslur í rekstri tvisvar á ári. Þeir skulu gæta þagmælsku um þessar upplýsingar að því marki sem þær eru ekki til opinberrar umfjöllunar.

### 13.5. Heimil frávik

13.5.1. Heimilt er með samkomulagi í fyrirtæki, milli vélstjóra og fyrirtækis, að aðlaga ákvæði samningsins þörfum vinnustaðarins með frávikum frá ákvæðum kjarasamnings, enda náist samkomulag um endurgjald starfsmanna.

### 13.6. Endurgjald starfsmanna

13.6.1. Takist samkomulag um aðlögun ákvæða kjarasamnings að þörfum fyrirtækis eða önnur frávik frá vinnuskipulagi, sem samkomulag hefur verið gert um, skal jafnframt samið um hlutdeild starfsmanna í þeim ávinningi sem fyrirtækið hefur af breytingum.

Hlutur starfsmanna getur komið fram í fækkun vinnustunda án tilsvarenda skerðingar á tekjum, greiðslu fastrar upphæðar á mánuði eða ársfjórðungi, hæfnisálagi, prósentuálagi á laun eða fastrí krónutölu á tímakaup eða með öðrum hætti, allt eftir því hvernig um semst. Í samningnum skal þó koma skýrt fram í hverju ávinningur fyrirtækis felst svo og endurgjald til starfsmanna. Hvort tveggja er frávik frá kjarasamningi og getur fallið niður við uppsögn skv. 7. gr. þessa kafla.

---

## 13.7. Gildistaka, gildissvið og gildistími

13.7.1. Samkomulag um fyrirtækjapátt skal vera skriflegt og skal það borið undir alla þá sem samkomulaginu er ætlað að taka til í leynilegri atkvæðagreiðslu sem hlutaðeigandi samninganefnd vélstjóra stendur fyrir. Samkomulag telst samþykkt ef það fær stuðning meirihluta greiddra atkvæða. Heimilt er samninganefnd vélstjóra að óska eftir því að Vélstjórafélagið gangi úr skugga um að umsamin frávik og endurgjald fyrir þau, heildstætt metið, standist ákvæði laga og kjarasamninga um lágmarkskjör. Hafi ekki komið tilkynning um annað innan fjögurra vikna telst samningurinn samþykktur af beggja hálfu.

Heimilt er að láta fyrirtækjasamning gilda tímabundið til reynslu í allt að 3 mánuði og ganga þá endanlega frá efni hans í ljósi reynslunnar. Annars skal gildistími ótímabundinn. Að ári liðnu getur hvor aðili farið fram á endurskoðun. Náist ekki samkomulag um breytingar innan tveggja mánaða getur hvor aðili sagt fyrirtækjasamningi lausum með sex mánaða fyrirvara m.v. mánaðamót. Að þeim tíma liðnum fellur hvort tveggja niður, umsamdar breytingar og hlutdeild vélstjóra í ávinningi. Til að uppsögn sé bindandi þarf hún að hljóta stuðning meirihluta hlutaðeigandi vélstjóra í samskonar atkvæðagreiðslu og viðhöfð var við gildistöku samningsins. Segi vinnuveitandi upp fyrirtækjapátti samnings skulu launahækkanir honum tengdar þó aðeins ganga til baka í þeim mæli sem nemur þeim kostnaðarauka, sem leiðir af upptöku fyrri samningsákvæða.

---

## 13.8. Áhrif fyrirtækjasamnings á ráðningarkjör

13.8.1. Breytingar á ráðningarkjörum sem leiða kunna af fyrirtækjasamningi eru bindandi fyrir alla hlutaðeigandi vélstjóra hafi þeir ekki mótmælt formlega gerð samningsins við stjórnendur útgerðar og samninganefnd vélstjóra áður en til atkvæðagreiðslu kom.

Ákvæði fyrirtækjasamnings gilda jafnt um þá vélstjóra sem við störf eru þegar samningur er samþykktur skv. ákvæðum þessa kafla sem og þá sem síðar ráðast til starfa, enda hafi þeim verið kynnt efni hans við ráðningu.

---

## 13.9. Meðferð ágreinings

13.9.1. Komi upp ágreiningur innan fyrirtækis um skilning eða framkvæmd fyrirtækjasamnings og ekki tekst að leysa hann með viðræðum á milli aðila á vinnustað er vélstjórum heimilt að leita aðstoðar VM eða fela því málið til úrlausnar.

Náist ekki samkomulag um mat á áhrifum uppsagnar skv. lokamál. 7. gr. getur hvor aðili skotið honum til úrskurðar óháðs aðila. 65% kostnaðar greiðist af fyrirtæki og 35% af starfsmönnum.

## 14. KAFLI

### Veikindi og slysabætur

---

#### 14.1. Fastráðinn yfirvélstjóri, vélstjóri og vélavörður

14.1.1. Yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður á fastlaunakerfi, sem verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slysa á rétt á launum svo lengi sem hann er óvinnufær skv. neðangreindum ákvæðum. Neðangreindur réttur til fastra umsamdra mánaðarlauna skv. ákvæðum gr. 1.7. í kjarasamningnum er heildarlaunaréttur sem komi í stað launaréttar skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Veikindi í frítíma teljast ekki til siglingartíma.

14.1.2. Fyrsta árið, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 2 mánuði.  
Eftir 1 árs starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 3 mánuði.  
Eftir 3 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 4 mánuði.  
Eftir 5 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 6 mánuði.  
Eftir 10 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 10 mánuði.  
Eftir 15 ára starf, föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi í 12 mánuði.

14.1.3. Starfsmanni ber að tilkynna um fjarvistir vegna veikinda og slysa, skv. þeim reglum sem vinnuveitandi setur um fyrirkomulag tilkynningar.

14.1.4. Vinnuveitandi ákveður hvort læknisvottorðs sé krafist. Vinnuveitandi greiðir þau læknisvottorð sem hann óskar eftir, sé skilyrðum greinar 14.1.3. fullnægt.

Ef starfsmaður hefur verið óvinnufær samfelld í fjórar vikur ber honum að leggja fram læknisvottorð þar sem lækni tekur afstöðu til þess hvort starfsendurhæfing sé nauðsynleg til að ná eða flýta bata. Önnur vottorð eru ógild.

---

#### 14.2. Ákvæði skv. sjómannalögum

14.2.1. Varðandi veikindi og slys vísast enn fremur til 36. gr. sjómannalaga, sjá fylgiskjal nr. 1.

## 15. KAFLI

# Tryggingar og eignamissir

### 15.1. Slysstryggingar

- 15.1.1. Útgerðin skal tryggja hvern þann mann, sem samningur þessi tekur til í samræmi við ákvæði 172. gr. laga nr. 34/1985.
- 15.1.2. Bætur úr váttryggingu þessari skulu ákvarðast á grundvelli reglna skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum og um hana skulu að öðru leyti gilda almennir skilmálar fyrir slysstryggingu sjómanna hjá aðildarfélögum Sambands íslenskra tryggingafélaga.
- Bætur má lækka eða fella niður ef tjónþoli hefur valdið slysi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.
- 15.1.3. Trygging gegn slysaauða og/eða varanlegri slysaörorku, gildir meðan yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður er skráður á skipið, svo og ef hann er á kaupi hjá útgerðinni vegna slyss eða veikinda, enda þótt afskráður sé vegna þess. Jafnframt gildir tryggingin fyrir fastráðinn yfirvélstjóra/vélstjóra/vélavörð á meðan hann er í fríi vegna orlofs eða áunninna samningsbundinna frídaga. Tryggingin tekur ekki til slysa, sem yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður kann að verða fyrir við störf í þágu annarra en útgerðarinnar, hvort sem greiðsla er innt af hendi fyrir þau störf eða ekki. Þá tekur tryggingin ekki til slysa, er yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður verður fyrir við arðbæra vinnu í eigin þágu.
- Eigi tjónþoli rétt til bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysstryggingu ökumanns og eiganda, skerðast bætur úr þessari váttryggingu sem því nemur."
- 15.1.4. Dánarbætur greiðast í samræmi við ofangreind lög en örorkubætur hinum slasaða sjálfum.
- 15.1.5. Trygging þessi skerðir ekki rétt yfirvélstjóra/vélstjóra/vélavörðar til greiðslu úr lífeyrissjóði.
- 15.1.6. Tryggingarfé skv. þessum lið skal koma til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni.
- Hlutur yfirvélstjóra/vélstjóra/vélavörðar í iðgjaldi slysstryggingar samsvarar 10 unnum yfirvinnustundum vélstjóra.

### 15.2. Líftrygging

- 15.2.1. Útgerð líftryggir hvern lögskráðan yfirvélstjóra/vélstjóra/vélavörð sem starfar skv. samningi þessum. Líftryggingafjárhæðin skal vera kr. 2.707.223 (pr. 01.10.2004) og breytist síðan ársfjórðungslega í sama mæli og dánarbætur skv. a-lið 1. tölulíðs 2. málsgreinar 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Líftrygging þessi greiðist ekki, ef hinn tryggði deyr af völdum slyss.
- 15.2.2. Láti hinn tryggði ekki eftir sig maka eða börn skal þó aðeins greiða helming tryggingarupphæðarinnar til dánarbús hins látna. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu skv. reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- 15.2.3. Fyrrgreind fjárhæð lækkar þó um 4% fyrir hvert aldursár eftir að hinn tryggði nær fimmtíu ára aldri og fellur niður eftir að hann nær sjötíu ára aldri.
- 15.2.4. Um trygginguna gilda eftir því sem við á að öðru leyti, skilmálar líftryggingafélaganna fyrir hóplíftryggingar.
- 15.2.5. Tryggingin gildir frá þeim degi sem yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður er lögskráður í skiprúm og til og með þess dags, sem hann er afskráður.
- 15.2.6. Veikist yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður á meðan hann er lögskráður og leiði veikindin til dauða innan tveggja mánaða frá afskráningu úr skiprúmi gildir tryggingin.

### 15.3. Eignamissir

- 15.3.1. Missi yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður eignir sínar, er hann hefur með sér á skipi við skipbrot, eldsvoða, sjóskaða eða á annan hátt, greiðir félagið honum skaðabætur skv. gildandi reglugerð nr. 31/1964.
- 15.3.2. Skemmist nokkur hluti eignanna af fyrrgreindum ástæðum, greiðast skaðabætur eftir mati óvilhallra manna, nema samkomulag verði um bætur.

## 16. KAFLI

# Lífeyrissjóður

### 16.1. Aðild og réttindi

- 16.1.1. Lífeyrissjóðsaðild og lífeyrissjóðaréttindi fara skv. lögum og/eða reglugerðum viðkomandi lífeyrissjóða.
- 16.1.2. Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti:
- Skal mótframlag vinnuveitenda nema 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

---

## 16.2. Iðgjöld

---

- 16.2.1. Yfirvélstjóri/vélstjóri/vélavörður greiða 4% af heildarlaunum sínum í lífeyrissjóð. Á samningstímanum verður mótframlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð sem hér segir:
- |                  |       |
|------------------|-------|
| Frá 1. júlí 2016 | 8,5%  |
| frá 1. júlí 2017 | 10,5% |
| frá 1. júlí 2018 | 11,5% |

## 17. KAFLI

### Ferðalög, dagpeningar

---

#### 17.1. Ferðalög

---

- 17.1.1. Ferðist yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður á skipum eða járnbrautarlestum á vegum útgerðarinnar, á hann kröfu á að ferðast á 1. farrými, eftir því sem aðstæður eru fyrir hendi. Fari fastráðinn yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður í orlof í hérlendri höfn utan Reykjavíkur greiðir útgerðin fargjald hans með áætlunarferð frá skipinu til Reykjavíkur. Farartækið skal valið í samráði við útgerðina og greiðist slíkt fargjald aðeins einu sinni á ári fyrir orlofshafann.

#### 17.2. Dagpeningar

---

- 17.2.1. Upphæð dagpeninga vegna þjálfunar- og eftirlitsstarfa erlendis skal fylgja dagpeningum hjá BSRB.
- 17.2.2. Af dagpeningum í ferðalögum erlendis ber að greiða allan venjulegan ferðakostnað, annan en fargjöld, svo sem kostnað vegna leigubifreiða að og frá flugvöllum, fæði, húsnæði, minni háttar risnu, hvers konar persónuleg útgjöld, flugvallarskatta o.s.frv.
- Þegar yfirvélstjóri, vélstjóri eða vélavörður er sendur til eða frá skipi, innanlands eða erlendis, skulu slík ferðalög vera honum að kostnaðarlausu.

## 18. KAFLI

### Einkennisfatnaður

---

#### 18.1. Fastráðinn

---

- 18.1.1. Útgerð skal leggja yfirvélstjórum og vélstjórum til einkennisföt árlega og einkennisfrakka annað hvert ár. Þriðja hvert ár dökk einkennisföt, en hin árin khaki einkennisföt, sem verða einn jakki eða blússa, þrennar buxur og þrjár skyrtur.
- 18.1.2. Geri útgerð ekki kröfu til þess að yfirvélstjórar eða vélstjórar klæðist einkennisfötum skulu þeir fá greidda fatapeninga kr. 18.200 tvisvar á ári í júní og í desember ár hvert.
- 18.1.3. Upphæðin skal endurskoðast tvisvar á ári í júní og desember af tveimur fulltrúum. Öðrum tilnefndum af SA en hinum af FS og VM sameiginlega. Við endurskoðunina skal höfð hliðsjón af breytingum á verði einkennisfatnaðar skv. gr. 18.1.1.
- 18.1.4. Yfirmönnum er heimilt að taka út vinnufatnað, svo sem samfestinga, kuldagalla og öryggisskó. Skal það gert í samráði við útgerðina og lækkar þá upphæð fatapeninga, skv. grein 18.1.2. sem því nemur.
- Vinnufatnaðurinn er eign útgerðar. Láti yfirmaður af störfum hjá útgerðinni innan árs frá því hann fékk vinnufatnað afhentan skal honum skilað til útgerðar.
- Útgerðin skal tryggja að í skipinu séu samfestingar og annar hlífðarfatnaður sem nauðsynlegur er vegna sérstakra óþrífastarfa í vélarúmi.

#### 18.2. Lausráðinn

---

- 18.2.1. Afleysingamenn og vélaverðir fá khaki einkennisfatnað eða hlutfallslega greiðslu, þegar þeir hafa leyst af samtals í þrjá mánuði.

## 19. KAFLI

# Risna og tollvöruúttekt

### 19.1. Risna

- 19.1.1. Yfirvélstjórar hafi heimild til að taka út hjá bryta skipsins til risnu, gagnvart viðskiptamönnum félagsins allt að kr. 3.360 á mánuði. Upphæðin endurskoðist 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember ár hvert og taki hækkunum í samræmi við verðskrá Hf. Eimskipafélags Íslands.

### 19.2. Tollvöruúttekt

- 19.2.1. Verð tollvöruúttektar yfirvélstjóra, vélstjóra og vélavarða hjá bryta/skipstjóra skal vera með hámarksálagningu sem nemur 10% af innkaupsverði.

## 20. KAFLI

# Aðbúnaður og hollustuhættir

### 20.1. Íbúðir

- 20.1.1. Þar sem því verður við komið skal vera legubekkur af viðurkenndri gerð og stærð í herbergi yfirvélstjóra og vélstjóra. Skal leitast við að koma honum svo fyrir, að hann komi sem mest þvert á hvíluna í herberginu.
- 20.1.2. Í nýjum skipum sé sérstakt baðherbergi til afnota fyrir yfirvélstjóra og vélstjóra skipsins, vinnufatageymsla, svo og sérstakur klefi, til geymslu á mælitækjum, teikningum o.fl. tilheyrandi vélakerfi skipsins.
- 20.1.3. Íbúðum skal haldið í góðri umhirðu. Sé um það samkomulag milli viðkomandi yfirvélstjóra/ vélstjóra/ vélavarðar og útgerðar að hann annist þrif á íbúð sinni utan vinnutíma skal hann fá fyrir það 1. klst. á viku. Greiða skal skv. yfirvinnutaxta A, efsta starfsaldursprepi 1. vélstjóra.

### 20.2. Matsalir

- 20.2.1. Að borðsal yfirmanna skulu engir aðrir hafa aðgang en þeir og gestir þeirra og útgerðar.

### 20.3. Rúmfatnaður

- 20.3.1. Útgerðin leggur til rúmfatnað og handklæði og sér um þvott á því. Sbr. fskj. nr. 3.

### 20.4. Forvarnarstarf

Aðilar eru sammála um að skipa samráðsnefnd VSFÍ og SA eða einstakra útgerða sem skal stuðla að bættu heilsufari um borð og gera tillögur að mælingum, þ.m.t. heyrnamælingum, sem staðfesti eða leiði í ljós þætti sem færa megi til betri vegar.

Þá verði nefndinni falið að athuga tilhögun læknisskoðana og gera tillögur um hvernig þeim verði hagað í framtíðinni.

## 21. KAFLI

# Styrktar og sjúkrasjóður, orlofsheimilasjóður og endurhæfingasjóður

### 21.1. Greiðslur í sjóði

- 21.1.1. Greiða skal til styrktar- og sjúkrasjóðs VM 0.3% af öllum launum þeirra, sem samningurinn tekur til. Gjaldið greiðist mánaðarlega. Auk þess skal greiða 0,2% sem sérstaklega er ætlað til forvarnarstarfa, sbr. gr. 20.4. - 20.4.1.
- 21.1.2. Í orlofsheimilasjóð VM greiðist 0.25% af sömu launaliðum og orlofsprósenta reiknast af. Gjaldið greiðist mánaðarlega.
- 21.1.3. Greiða skal í Endurhæfingasjóð 0.13% af öllum launum þeirra, sem samningurinn tekur til.

## 23. KAFLI

### Félagsgjöld

#### 23.1. Uppgjör

23.1.1. Skipafélagin taka að sér að halda eftir af kaupi hvers yfir-vélstjóra, vélstjóra og vélavörðar félagsgjaldi hans til VM, ef þess er krafist af hálfu félagsins, en það ber ábyrgð á því, að félagsgjaldið sé réttilega krafð.

## 24. KAFLI

### Verkföll og verkbönn

#### 24.1. Skyldur

24.1.1. Ef verkfall eða verkban er við innlenda eða erlenda höfn, er enginn vélstjóri né vélavörður skyldur til að vinna þau verk, sem aðrir hafa hætt við vegna vinnustöðvunar.

## 25. KAFLI

### Uppsagnarheimildir

#### 25.1. Ófriður

25.1.1. Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu getur hvor samningsaðili sagt upp samningum án fyrirvara.

## 26. KAFLI

### Gildistími og samningsforsendur

#### 26.1. Gildistími

26.1.1. Kjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

#### 26.2. Samningsforsendur

26.1.2. Um samningsforsendur, breytingar á samningsákvæðum og viðbrögð við forsendubresti fer skv. almennum kjarasamningum sambanda og félaga ASÍ frá mars 2024. Komi til þess að almennum kjarasamningum verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Reykjavík, 3. júlí 2024

f.h. VM félags vélstjóra og málmæknimanna

f.h. Samtaka atvinnulífsins

# Fylgiskjöl og bókanir

## Fylgiskjöl með kjarasamningi undirrituðum 3. júlí 2024

Samkomulag milli Samskipa p/f og VM vegna félagsmanna VM sem starfa á millilandaskipum félagsins

### 1. Álag vegna siglingardaga umfram vinnuskyldu kjarasamnings

Sigli skipverji að beiðni útgerðar yfir 190 daga á almanaksári, greiðist 15% álag á hvern sigldan dag umfram 190 daga. Álag er greitt um áramót, þó að teknu tilliti til siglingaráætlunar. Álag er ekki greitt vegna óskráðra daga, námskeiðsdaga eða annarrar vinnu í landi eða þegar starfsmenn skipta túrum sínum á milli.

### 2. Hækkun Færeyjatilleggs

Færeyjatillegg verður kr. 7.295 frá og með 1. janúar 2026 og kr. 7.550 frá og með 1. janúar 2027.

### 3. Orlofslaun á millilandaskipum

Vinnuskipulag í millilandasiglingum miðast nú við að tveir menn séu um hverja stöðu og skili að meðaltali 182,5 dögum á sjó á ári, nema samkomulag sé um annað. Með tilliti til þessarar vinnuskyldu er litið svo á að orlofslaun, sem innifalin eru í dagkaupi, séu 13,04%. Starfsmaður getur óskað þess að þessi orlofsprósenta sé tilgreind á launaseðli.

### 4. Gildistaka

Forsenda samkomulags þessa er að kjarasamningur SA og VM frá 3. júní 2024 verði samþykktur í atkvæðagreiðslu. Verði samningurinn felldur fellur samkomulag þetta einnig niður.

Reykjavík, 3. júlí 2024

F.h. VM

F.h. Samskipa p/f

Fylgiskjal með samkomulagi VM og Samskip p/f dags 3. júlí 2024

### Kauptaxtar Samskip p/f

		Dagkaup með orlofi							
		Dagkaup	Hækkun	Dagkaup	Hækkun	Dagkaup	Hækkun	Dagkaup	Hækkun
Staða	Starfsaldur hjá útgerð	1.2.2024	1.2.2024	1.1.2025	1.1.2025	1.1.2026	1.1.2026	1.1.2027	1.1.2027
Yfir-vélstjóri	Laun	87.342	3900	91.242	3900	95.342	4100	99.442	4100
2. vélstjóri	Eftir 3 ár í starfi hjá útgerð	75.908	3400	79.308	3400	82.908	3600	86.508	3600
2. vélstjóri	Eftir 1 ár í starfi hjá útgerð	74.963	3400	78.363	3400	81.963	3600	85.563	3600
2. vélstjóri	Byrjunarlaun	74.032	3400	77.432	3400	81.032	3600	84.632	3600
3. vélstjóri	Eftir 3 ár í starfi hjá útgerð	69.062	3100	72.162	3100	75.462	3300	78.762	3300
3. vélstjóri	Eftir 1 ár í starfi hjá útgerð	68.189	3100	71.289	3100	74.589	3300	77.889	3300
3. vélstjóri	Byrjunarlaun	67.327	3100	70.427	3100	73.727	3300	77.027	3300
Vélavörður	Eftir 3 ár í starfi hjá útgerð	59.695	3000	62.695	3000	65.795	3100	68.895	3100
Vélavörður	Eftir 1 ár í starfi hjá útgerð	58.919	3000	61.919	3000	65.019	3100	68.119	3100
Vélavörður	Byrjunarlaun	58.153	3000	61.153	3000	64.253	3100	67.353	3100

### Yfirlýsing Samskipa p/f vegna greiðslna í fæðingarorlofi

Vegna greiðslna í fæðingarorlofi verður miðað við að starfsmaður verði eins settur í útborguðum launum, að teknu tilliti til Færeyjatilleggs, eins og ef hann hefði fengið fæðingarorlofsgreiðslur á Íslandi.

Þórshöfn, 3. júlí 2024

# Fylgiskjöl með kjarasamningi undirrituðum 25. maí 2023

## Samkomulag VM og p/f Samskip um hækkun Færeyjatilleggs

Færeyjatillegg verður frá og með 1. nóvember 2022 kr. 7.048 fyrir hvern sigldan dag. Miðað við siglingaráætlun er Færeyjatillegg greitt í 15,2 daga hvern almanaxsmánuð og eftir atvikum fyrir viðbótartúra á sjó.

25. maí 2023

F.h. VM, Félags vélstjóra og málmæknimanna

f.h. p/f Samskip

## Yfirlýsing p/f Samskip um verklag vegna viðbótartúra

Siglingaráætlun p/f Samskip miðar við að farmenn taki tvo túra á sjó og eru eftir það tvo túra í fríi. Það þýðir að vinnuskil geta verið mismikil milli ára en meðalfjöldi daga á sjó er um 182,5 dagar á ári. Greidd eru fóst mánaðarlaun miðað við það meðaltal. Ef vélstjóri/vélavörður siglir viðbótartúr að beiðni útgerðar umfram samþykktu siglingaráætlun þá er hann greiddur sérstaklega og er við það miðað að viðbótartúr sem lýkur fyrir lok launatímabils vegna tilfallandi vinnu sé greiddur um næstu mánaðamót á eftir. Þetta á ekki við ef um er að ræða tilflutning á vinnuskyldu innan samþykkrar siglingaráætlunar, s.s. vegna vinnuskipta einstaklinga innbyrðis eða frítöku einstaklings á öðrum tíma, fyrir eða eftir viðbótartúr.

25. maí 2023

f.h. p/f Samskip

## Fylgiskjal um fastlaunakerfi.

Í mánaðarlaunum fyrir sigldan mánuð eru innifaldar greiðslur samkvæmt neðangreindum greinum eldri kjarasamning (Samningsgreinar eru innan sviga):

Olútillegg (2.1.1.), fjarvistartillegg (2.3.1.-2.3.3.), kallvaktar-greiðslur (2.4.3. og 2.4.5.-2.4.6.), frídagar og kallvakt yfirvélstjóra (2.5.2.-2.5.3.), kælitillegg, (2.6.1.), landgöngufé (2.7.1.), yfirvinnuréttur og frídagaúttekt yfirvélstjóra (2.8.1. og 2.8.3.), yfirvinnuákvæði (3.1.-

3.3.2.), vakt umfram 8 klst. (3.5.1.), vinnuskil og yfirvinna vélavörða (5.4.2.-5.4.5.), frídagaákvæði (8.1.-8.5.2. og 8.7.-8.7.5.), komu- og brottfarardagar (10.3.1.), vinnutími á hafnarvakt (11.1.1.), vinnuskylduskil (11.3.1.), bakvaktir í heimahöfn (11.4.2.-11.4.4.), breytilegur vinnutími á hafnarvakt (11.6.-11.6.1.), orlof (2. og 3. málsliður greina 12.1.2.-12.1.4., 12.1.6.-12.1.7 og 12.3.-12.3.4. falli niður), þrif á íbúð (20.1.3.).

## Yfirlýsing um lífeyrismál

Samningsaðilar eru sammála um að halda áfram vinnu að samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði. Yfirlýsingu þessari er ætlað að auðvelda sátt um meginþætti lífeyrismála. Meginmarkmiðið er að allir lífeyrissjóðir á vinnumarkaðnum starfi á sjálfbærum grunni og að lífeyrisréttindi þróist í samræmi við þarfir fyrir ásættanlegan lífeyri. Á vettvangi samningsaðilla verður unnið á þeim forsendum að hækka þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014 – 2020.

Í viðræðum samningsaðilla verður fjallað um hvernig hækkun iðgjalda verður framkvæmd þ.m.t. áfangaskipting og skipting iðgjalds milli launagreiðenda og starfsmanna á grundvelli samræmingar fyrir vinnumarkaðinn í heild. Tekið verður tillit til mismunandi launakerfa s.s. á fiskiskipum.

Samningsaðilar stefna á að niðurstaða í þessari vinnu liggja fyrir í árslok 2012 og komi til umræðu vegna endurskoðunar kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Yfirlýsing þessi felur í sér umboð til framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins og Samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ að ganga frá útfærslu á hækkun iðgjalda sem tekið geta gildi á árinu 2014.

## Bókun með kjarasamningi undirrituðum 2. febrúar 2016

### Bókun um framlag í lífeyrissjóð

Verði kjarasamningur SA og ASÍ frá 21. janúar 2016 samþykktur í atkvæðagreiðslu breytist mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð sem hér segir:

Frá 1. júlí 2016 8.5%

## Bókanir með kjarasamningi undirrituðum 22. nóvember 2000

### Bókun 1 um upptöku og framkvæmd fastlaunakerfa

Samningsaðilar tilnefna hvor um sig 2 fulltrúa í samstarfsnefnd sem fjalli um þau ágreiningsmál sem rísa kunna vegna upptöku og framkvæmd fastlaunakerfa. Nefndin skal eins og kostur er leita leiða til þess að jafna þann ágreining sem upp kann að koma hverju sinni. Einnig getur nefndin gert tillögur til frekar breytinga á vinnufyrirkomulagi telji hún að þær leiði til þess að frekar náist þau markmið sem stefnt er að þ.e.a.s. einfalda launakerfi og auka hagræðingu í rekstri skipanna og um leið tekjumöguleika vélstjóra þeirra. Um tillögur af þessu tagi skal ríkja eining í nefndinni. Hvor samningsaðili um sig getur óskað eftir fundi í nefndinni.

### Bókun 2 um veikindalaunarétt

Samningsaðilar tilnefna hvor um sig 2 fulltrúa í samstarfsnefnd sem fjalli um breytingar á veikindalaunarétti með tilliti til breytts launagreiðslu fyrirkomulags.

### Bókun 3 um skil vinnuárs

Aðilar eru sammála um að vinna að því að skil vinnuárs einskorðist ekki við störf á sjó heldur eigi vélstjóri þess kost að fara á námskeið í landi og skila allt að 14 dögum af vinnuári sínu í landi hjá útgerð eftir nánara samkomulagi við útgerð miðað við aðstæður og þarfir hverju sinni. Vinna í landi og seta á fagtengdu námskeiði skal metin á sama hátt sigldur tími til sjós. Vélstjóri á rétt á því að fara á fagtengt námskeið tvo daga á ári.

### Bókun 4 um fræðslumál

Útgerðir munu gefa vélstjórum sínum kost á að sækja námskeið með það að markmiði að auka hæfni þeirra í starfi hjá útgerðinni. Í þessu skyni eru útgerðir reiðubúnar til þess að greiða endurmenntunarföstudun vélstjóra fyrir gerð námsefnis og rekstur námskeiða sem nýttast myndu vélstjórum þeirra. Sett verði á fót fræðslunefnd útgerða og Vélstjórafélagsins með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila sem taki ákvörðun um námsefni og skipulag endur- og símenntunarinnar, sem fellur að þörfum útgerðarinnar. Áður en lagt verður í kostnað af hálfu endurmenntunarföstudunar skulu útgerðir skuldbinda sig varðandi lágmarkspáttöku á hverju námskeiði.

## Bókanir og fylgiskjöl með eldri kjarasamningum

### Fylgiskjal 1 - Sjómannalög nr. 35/1985 36. gr.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur skal hann eigi missa neins af launum sínum í hverju sem þau eru greidd svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum frí er hann veikist eða slasast tekur hann laun frá þeim tíma er hann skyldi hefja störf að nýju. Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Hafi skipverji verið ráðinn á sama skip eða hjá sama útgerðarmanni í tvö ár samfelld skal hann, auk þess sem í 1. mgr. segir, halda föstu kaupum, kauptryggingu eða sérlega umsömdu veikindakaupi í allt að einn mánuð en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðar-manni.

Skipverji, sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnu, á leið til eða frá vinnu eða vegna atvinnusjúkdóma sem stafa af vinnunni skal fá greitt fast kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í allt að þrjú mánuði til viðbótar greiðslum skv. 1. mgr. og 2. mgr.

Skipverji á ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningu eða stórfelldu gáleysi.

Nú vill skipverji neyta réttar síns skv. 1., 2. og 3. mgr. og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið er sýni að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

### Fylgiskjal 2 - Siglingalög nr. 34/1985

172. gr.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips eða þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógrar öryggisráðstafana né heldur yfirsjórnar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.

Skyll er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla skv. 1. mgr. sem hér segir:

#### 1. DÁNARBÆTUR:

- 2.359.589 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með „maka“ er hér einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.
- 2.708.393 kr. til viðbótar greiðslu skv. a-lið ef bætur greiðast samkvæmt c- eða d-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.

- c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d-lið þessa tölulíðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.
- d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

## 2. SLYSADAGPENINGAR OG ÖRORKUBÆTUR:

- a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærrí en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.
- b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 81.342 kr. fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1-25%, 162.684 kr. á bilinu frá 26-50% og 244.026 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur ef greiddar hafa verið.

Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningu um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

(Ath.: Framangreindar fjárhæðir gilda frá 1. október 2004.)

---

## Fylgiskjal 3 - Rúmfatnaður er eign útgerðar

---

Með rúmfatnaði er átt við kodka, sæng, dýnu, sængurver koddaver og lök.

Skipverja er afhentur rúmfatnaður og handklæði við komu um borð og skal hann skila því í góðu ástandi við brottför úr skiprúmi. Tekið skal tillit til eðlilegs slits.

Það sem skipverji glatar og/eða eyðileggur af ásetningi eða gáleysi skal hann bæta á kostnaðarverði.

Rúmfatnaður skal vera hreinn við afhendingu. Skipta skal um lín eftir því sem mögulegt er á hálf mánaðar fresti og handklæði á viku fresti.

Skipverji skiptir sjálfur um á rúmi sínu og skilar óhreinu líni og handklæði á fyrirfram ákveðinn stað og fær afhent hreint í staðinn.

---

## Bókun um að launakjör hlíti íslenskum rétti (1995)

---

Undirritaðir aðilar kjarasamnings VSFÍ annars vegar og VSÍ/VMS hins vegar eru sammála um að hvarvetna þar sem félagsmenn VSFÍ eru ráðnir hjá íslensku skipafélagunum, skv. kjarasamningi aðila, skuli túlkun samningsins varðandi launakjör hlýta íslenskum rétti og deilumál þar að lútandi útkljást af íslenskum dómstólum.

---

## Bókun um kaup og kjör yfirvélstjóra (1992)

---

Í tengslum við umfjöllun aðila um leiðir til hagræðingar um borð í kaupskipum, endurskipulagningu verkaskiptingar og sveigjanlegra vinnufyrirkomulags eru aðilar sammála um eftirfarandi meginatriði varðandi kaup og kjör yfirvélstjóra, með vísun til greinar 1.6.1. í kjarasamningi.

Aðilar eru sammála um það að við ákvörðun kjara yfirvélstjóra skv. sérstökum ráðningarsamningi, sbr. 1. málsgrein, skuli höfð hliðsjón af kaupum og kjörum annarra yfirmanna á skipum útgerðarinnar. Tekið skal tillit til aldurs, hæfni, menntunar, reynslu, ábyrgðar, verksviðs og vinnuframlags viðkomandi yfirvélstjóra.

Að minnsta kosti einu sinni á ári skulu útgerðarmaður og yfirvélstjóri fjalla um markmiðstengda frammistöðu liðins árs og setja markmið fyrir næsta ár. Í tengslum við það skal fjallað um kaup og kjör viðkomandi yfirvélstjóra, þar sem m.a. verði tekið tillit til árangurs í starfi.

Yfirvélstjóra skulu tryggðar eigi lakari kjarabreytingar en aðrir yfirmenn á skipum útgerðarinnar kunna að fá skv. kjarasamningi. Verði ágreiningur um það hverjar kjarabreytingar kjarasamnings séu og verði hann ekki leystur innan eins mánaðar, getur hvor aðili óskað aðstoðar stéttarfélags og samtaka vinnuveitenda til að greiða úr því.

Skipa skal þriggja manna nefnd til þess að meta þessar kjarabreytingar. Tilnefni þá hvor aðila einn mann og oddamaður verði skipaður án tilnefningar. Verði ekki samkomulag um oddamann, skal hann skipaður af héraðsdómara. Úrskurður nefndarinnar er endanlegur. Kostnaður af oddamanni nefndarinnar greiðist af útgerðaraðila/samtökum vinnuveitenda.

---

## Bókun um vinnu vélstjóra í heimahöfn (1992)

---

Til að draga úr aðkeyptri viðgerðarvinnu er um það samkomulag að þeir vélstjórar sem samningur þessi tekur til sinni viðhaldsverkefnum í heimahöfn skipanna, á meðan um það ríkir samkomulag milli útgerðar og meirihluta vélstjóra viðkomandi skips.

Meginreglan skal vera sú að þeir vélstjórar sem eru að fara í frí og þeir sem eru að koma úr fríi sinni þeim viðgerðarstörfum sem fyrir liggja eins og kostur er hverju sinni.

Þegar slík viðgerðarstörf eru unnin í heimahöfn fá undirvélstjórar greitt sérstakt álag á unnar klukkustundir. Í dagvinnu nemur álag þetta 62,19% af dagvinnutímakaupi, en í yfirvinnu 45% af yfirvinnutímakaupi. Þegar yfirvélstjórar vinna slík viðgerðarstörf vísast á grein um persónulegan samning hans og útgerðar. Þegar um er að ræða störf í heimahöfn, skv. samkomulagi þessu skal starfandi yfirvélstjóri tilkynna viðkomandi vélstjórum það með góðum fyrirvara.

Um vinnufyrirkomulag og frítöku skal vera samkomulag á milli viðkomandi útgerðar og vélstjóra.

---

## Bókun um kostnaðaráætlanir (1992)

---

Kostnaðaráætlanir varðandi einstaka rekstrarliði á starfssviði vélstjóra skulu unnar í samstarfi við yfirvélstjóra viðkomandi skips. Verði gerðar breytingar á einstökum kostnaðarliðum á starfssviði vélstjóra skulu þær ræddar við yfirvélstjóra viðkomandi skips áður en þær koma til framkvæmda.

---

## Bókun um forsendur skráningar skipa undir íslenskan fána (1992)

---

Samningsaðilar lýsa yfir þeim sameiginlega vilja sínum til þess að hér á landi skapist forsendur til þess að kaupskip gerð út af íslenskum útgerðum verði skráð undir íslenskan fána, m.a. með því að opinberar álögur á íslensk kaupskip og kaupskipaútgerðir svo sem skráningar- og stimpilgjöld verði eigi hærrí en í nágrannalöndum okkar.

---

## Bókun um námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna (1984)

---

Fastráðnum yfirmönnum skal gefinn kostur á að sækja námskeið í Slysavarnaskóla sjómanna. Yfirmenn bóki sig sjálfir á námskeiðið, með tilliti til aðstæðna um borð. Launagreiðslur á meðan á námskeiði stendur verði með sama hætti og verið hefur hjá viðkomandi kaupskipaútgerðum.

---

## Bókun um þjálfun á ný tæki (1984)

---

Þegar ný tæki, svo sem tölvur, eru tekin í notkun skal viðkomandi yfirmönnum gefinn kostur á þjálfun í meðferð þeirra.

---

## Yfirlýsing um aðlögun að starfslokum vegna aldurs

---

Í þeim tilgangi að auðvelda starfsmönnum aðlögun að því að láta af störfum munu Samtök atvinnulífsins beina þeim tilmælum til félagsmanna sinna, að þeir leggi sig fram um að koma til móts við óskir starfsmanna um að fá að minnka starfshlutfall sitt á síðustu árum fyrir eftirlaunaaldur.

---

## Yfirlýsingar um ferðir maka ofl. (1984)

---

Neðangreindar útgerðir, sem að samningi þessum standa, lýsa því yfir að fastráðnum yfirmönnum, sem starfað hafa sem slíkir hjá útgerðunum í tvö ár eða lengur, mun verða heimilt, þegar því verður við komið, að hafa eiginkonur sínar með sér sem farþega í íbúðarherbergi sínu án endurgjalds í allt að 30 daga, annað hvert ár. Þegar fastráðnir yfirmenn hafa starfað sem slíkir hjá útgerðunum í 5 ár eða lengur, er þó heimilt að hafa eiginkonur sínar með sér sem farþega í íbúðarherbergi sínu án endurgjalds í allt að 30 daga á ári. Heimild þessi nær ekki til annarra vandamanna.

Skip, sem sigla suður í hitabelti eða suður fyrir 23 gráður n.br. skulu vera búin loftkælingu í vistarverum áhafna.

Undirritaðar útgerðir munu leitast við að veita fastráðnum yfirmönnum, sem þess óska og starfað hafa sem slíkir hjá útgerðinni í 10 ár eða lengur leyfi án launa í allt að einu ári, enda gildi almennar reglur um uppsagnarfrest einnig í leyfistímanum.

Undirritaðar útgerðarfélag lýsa því yfir, að þau muni vinna að því að fá leyfi tollyfirvalda til að skip geti komið að bryggju án tafar á hvaða tíma sólarhrings sem er, er þau koma frá útlöndum, þannig að skipverjar geti farið frá borði, þótt tollafgreiðsla hafi ekki farið fram. Miðað er við, að tollafgreiðsla fari fram, eftir að almennur vinnutími tollgæslunnar hefst. Jafnframt verði kannað, hvort og að miklu leyti lokun hafnarinnar geti greitt fyrir toll-afgreiðslu í Reykjavík, og unnið að því við toll- og hafnaryfirvöld, að höfninni verði lokað.

Útgerðir munu leitast við að boða brottfarir skipa með góðum fyrirvara og tilkynna það áhöfn. Einnig munu þær leitast við að láta boðaðan brottfarartíma standast.

Undirritaðar útgerðir lýsa því yfir að þær muni aðstoða þá fastráðna yfirmenn sína, sem eiga við áfengisvandamál að stríða, við að komast í meðferð og gefa þeim kost á leyfi á meðan þeir dvelja á meðferðarstofnun af þessum ástæðum.